



# ÖLDUNGARÁÐ

Reykjavíkurborg

# Hvað er öldungaráð?

- Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt fyrir öldungaráð, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um.
- Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.
- Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

# Til hvers öldungaráðs?

- Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.
- Öldungaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

# Hverjir eru í öldungráði

- Öldungaráðið er skipað níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa, Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi tilnefnir einn fulltrúa, auk þess sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar
- Aðalmenn í ráðinu eru: **Aðalmenn**
- [Berglind Eyjólfsdóttir](#) - formaður
- [Jórunn Pála Jónasdóttir](#) - varaformaður
- [Rannveig Ernudóttir](#)
- [Eva Kristín Hreinsdóttir](#) - heilsugæslan
- [Jóhann Helgason](#) - Korpúlfar
- [Jóhann Birgisson](#) – Samtök aldraðra
- [Ingibjörg H Sverrisdóttir](#) - FEB
- [Ingibjörg Óskarsdóttir](#) - FEB
- [Viðar Eggertsson](#) - FEB



## Fulltrúar öldungaráðs

Á myndina vantar Jórinni  
Pálu Jónasdóttur.  
Myndin var tekin á  
vinnudegi ráðsins vorið  
2021.

# Praktík

- Öldungaráð heldur að jafnaði einn fund í mánuði, fyrsta mánudag í mánuði.
- Mannréttinda- lýðræðisskrifstofa annast framkvæmd verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir.
- Starfsmaður ráðsins er Elísabet Pétursdóttir, verkefnastjóri: [elisabet.petursdottir1@reykjavik.is](mailto:elisabet.petursdottir1@reykjavik.is)
- Netfang öldungaráðs: [oldungarad@reykjavik.is](mailto:oldungarad@reykjavik.is)
- Heimasíða ráðsins - <https://reykjavik.is/radognefndir/oldungarad>
- Fundargerðir ráðsins má finna á slóðinni - <https://reykjavik.is/fundargerdir-oldungarads>
- Einnig er ráðið með facebook síðu sem er verið að koma í vinnslu - <https://www.facebook.com/%C3%96ldungar%C3%A1%C3%B0-100943722204899> eða bara leita að **Öldungaráð** á Facebook.

# Málefni ráðsins á kjörtímabilinu

- ❖ Bæklingur til 75 ára á árinu
- ❖ Umsagnir vegna starfsleyfa (Sinum)
- ❖ Umsögn v. heilbrigðisstefnu fyrir aldraða
- ❖ Umsagnir sem önnur ráð, stýrihópar, Alþingi o.s.frv. óska eftir, helst frá Velferðarráði
  - ❖ T.d. Umsögn v. þingsályktunartillögu um hagsmunafulltrúa aldraða.
- ❖ kynslóðablöndun
- ❖ Félagsstarf
- ❖ Vitatorg (matarmál)
- ❖ Hjúkrunarheimili
- ❖ Tæknilæsi
- ❖ Heimahjúkrun
- ❖ Aðgengismál
- ❖ Aldursfordómar
- ❖ Húsnæðismál
- ❖ Efnahagsleg staða aldraða
- ❖ Heilsuefling aldraða
- ❖ Ofbeldi gegn öldruðum

# Opnir fundir ráðsins m. borgarstjórn

## Mál á dagskrá 2015-2018

- Stefnumörkun í málefnum aldraðra.
- Húsnæðismál aldraðra
- Aldraðir – fátækir, hvað á þetta að þýða?
- Skipulag aldursvænna borga – hvernig?
- Eldri innflytjendur – hver er staða þeirra?





# Opinn fundur öldungaráðs og borgarstjórnar

**Opinn fundur borgarstjórnar og öldungaráðs 28. september 2021 kl. 14-16**

**Hvar vil ég búa? Sjálfstæð búseta eldra fólks**

Þar taka til máls:

- Formaður öldungaráðs Berglind Eyjólfsdóttir.
- Elma Klara Þórðardóttir arkitekt með erindið *Marglaga öldrun - Lífsgæði eldri borgara í blandaðri byggð*
- Árni Guðmundsson aðjúnt í tómstunda- og félagsmálafræðum, Háskóla Íslands, fjallar um kynslóðablöndun með erindinu *Gaman saman?*
- Margrét Ágústsdóttir fulltrúi Félags eldri femínista með erindið *Baba Yaga systrahús*
- Runólfur Ágústsson verkefna- og þróunarstjóri, Þorpið vistfélag um *Þorpið vistfélag*
- Margrét S. Pálsdóttir íbúi á Sléttuvegi flytur erindið *Efri árin í sambýli*



# SPURNINGAR?

TAKK FYRIR